

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Skólastjórafélags Íslands**

29. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Skólastjórafélags Íslands var haldinn fimmtudaginn 8. júní 2017 og hófst hann kl. 13:00. Fundurinn er sameiginlegur fundur samstarfsnefnda SÍ og FG.

Fundinn sátu: Svanhildur María Jónsdóttir og Magnús Þór Jónsson f.h. SÍ. Guðbjörg Ragnarsdóttir og Rósa Ingvarsdóttir af hálfu FG. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga Atli Atlason og Bjarni Ómar Haraldsson sem jafnframt ritaði fundargerð.

Eftirfarandi atriði voru tekin til umfjöllunar:

1. Breytingartillögur stjórnar Vonarsjóðs vegna samþykktu og reglna sjóðsins

Samþykkt er að gera eftirfarandi breytingar á samþykktum og starfsreglum Vonarsjóðs:

2. grein: Við starfslok félagsmanna fellur réttur til styrks úr sjóðnum niður, eða um leið og félagsmaður er ekki lengur í félagaskrá FG eða SÍ. Hafi félagsmaður nýtt grein 3.1 stafliður a eða b fyrir starfslok getur hann framvísað kvittunum í tólf mánuði í samræmi við grein 4.5.

3. grein, stafliður A: Með skipulagðri skólaheimsókn eða kynnisferð er átt við að staðfest [tímasett] dagskrá frá skipuleggjanda/móttökuaðila og staðfestingu um þátttöku frá móttökuaðila liggi fyrir og standi yfir í a.m.k. einn dag, að lámarki 6 klukkutíma..... .

Bæta þarf við orðinu „tímasettri“ í grein 4.4 og 4.6

3. grein, stafliður B: Samþykkt að vottorð vegna lokinna ECTS eininga megi vera allt að 12 mánaða í samræmi við aldur kvittana.

3. grein, stafliður C: Samþykkt að stafliður C verði felldur út enda tekur stafliður a á sama efni.

4.5 grein: Uppfæra skal ákvæði um að aldur kvittana fari úr 6 mánuðum í 12 mánuði samkvæmt fyrri ákvörðun samstarfsnefndar.

7. grein: Samþykkt að bæta við í lok setningar í gr. 7.1 „fyrir lok apríl ár hvert“.

Bjarna Ómari Haraldssyni og Klöru E. Finnboagadóttur er falið að uppfæra samþykktir og starfsreglur ásamt fylgiskjölum samkvæmt framangreindum ákvörðunum.

2. Ákvörðun styrkupphæð

Samþykkt að árleg styrkupphæð verði hækkuð í kr. 300.000 vegna umsókna sem berast sjóðnum frá og með 1. september 2017.

3. Önnur mál

Rætt um að einfalda umsýslu sjóðsins vegna skólaheimsókna og kynnisferða. Verið er að vinna að lausn málsins.

Fundargerð samstarfsnefnda fari í sérstaka kynningu hjá sjóðsstjórn. Fulltrúar FG og SÍ hafa frumkvæði í málinu.

Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 14:00